



Dansípróttasamband Íslands

Dansþing 2024 - Fundargerð

Dansþing Dansípróttasambands Íslands 2024 haldið 23. maí 2024 kl. 17:30 í fundarsölum ÍSÍ að Engjavegi 6 í Laugardal, Reykjavík.

**a. Þingsetning og staðfesting á lögmæti þingsins í samræmi við lög DSÍ.**

Helga Björg Gísladóttir formaður DSÍ setti þingið og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna.

**b. Kosning þingforseta og þingritara.**

Stungið var uppá Valdimar Leó Friðrikssyni sem þingforseta og Svövu Halldóru Friðgeirsdóttur sem þingritara og var það samþykkt einróma. Tóku þau strax til starfa.

**c. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.**

Katrín Dögg Ásbjörnsdóttir, Þórhallur Guðmundsson og Sigrún Gunnbjörnsdóttir voru kosin í kjörbréfanefnd

**d. Skýrsla stjórnar.**

Helga Björg Gísladóttir formaður DSÍ flutti skýrslu stjórnar, sjá fylgiskjal 1.

**e. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram og skýrðir.**

Atli Már Sigurðsson varaformaður kynnti endurskoðaða reikninga, sjá fylgiskjal 2.

**f. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.**

Engar umræður voru um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins

Þórhallur Guðmundsson kynnti niðurstöðu kjörbréfanefndar.

Mættir fulltrúar 48 einstaklingar. DIK 12 mættir af 16, Hvönn 8 mættir af 8, HK mættir 16 af 16. mættir af DIH 10 mættir af 10. DR 3 mættir af 3.

g. **Skýrsla stjórnar og reikningar sambandsins borin undir atkvæðagreiðslu.**

Samþykkt samhljóða.

h. **Fjárhagsáætlun næsta fjárhagsárs.**

Atli Már Sigurðsson kynnti fjárhagsáætlun. Tekjur áætlaðar kr. 32.650.000 fyrir árið 2025. Fyrir fjárhagsárið 2024 eru tekjur áætlaðar 32.800.000 Gjöld landsliðs 18.775.000 árið 2024 og 16.962.176 fyrir árið 2025 Gjöld skrifstofa 6.1 millj fyrir 2024 og 6.715.000 fyrir árið 2025 Gjöld vegna móta 9.565.000 fyrir árið 2024 8.825.000 fyrir árið 2025 Sjá nánar í fylgiskjali 2.

Spurningar: Af hverju lækkar launakostnaður fyrir 2025? Af hverju sjáum við fyrir okkur að mótum fækki? Eru tekjur að koma inn vegna stjórnuflokk.

Svar: Launakostnaður á skrifstofu reiknað út frá rauntölum þessa árs. Vegna móta þá sjáum við fyrir okkur fækkun keppnisdaga og því færri aðgöngumiðar seldir. Áætlað er að senda stjórnuflokk á mót erlendis. Höfum ekki fengið neitt fjármagn vegna þessa.

Tekjur vegna aðgangseyris eru hækkaðar – stendur til að innheimta aðgangseyri á komandi mót.

Styrkur frá ÍSÍ í fyrra var 12 millj. – lækkar fyrir þetta ár í 8,5 milljónir en vonandi hækkar á næsta ári. Útbreiðslustyrkur (fer eftir fjölda iðkenda) og Lotto til að leggja pening í landsliðsstarfið. Búið að gera kröfu um að ferðakostnaður fari eftir árangri á heimsmeistara- og evrópumeistaramótum. Leiga á borðum og stólum telur inn í mótakostnað.

Styrkir frá fyrirtækjum: Ekki var farið í það verk síðastliðið ár. Sambandið er styrkt með sendibila og svo RIG skilti. Keppnisnúmer eru styrkt af Heimilistækjum.

i. **Ávörp gesta.**

***Samskiptaráðgjafi Kristín Skjaldardóttir flutti ávarp og ræddi starf og hlutverk***

Samskiptaráðgjafi íþróttá- og æskulýðsstarfs – hefur það hlutverk að taka á móti tilkynningum sem verða í íþróttá- og æskulýðsstarfi er varðar einelti, áreitni og ofbeldi í hvers kyns mynd.

Markmiðið með starfsemi Samskiptaráðgjafa er að stuðla að því að íþróttá- og æskulýðsstarf fari fram í öruggu umhverfi og að börn, unglingar og fullorðnir, óháð kynferði eða stöðu að öðru leyti, geti stundað íþróttir eða æskulýðsstarf og leitað sér aðstoðar eða leitað réttar síns vegna atvika og misgerða sem eiga sér stað án þess að þurfa að óttast afleiðingarnar.

Kynnti viðbragðsáætlun og þá þjónustu sem að er í boði hjá Samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs.

### **ÍSÍ – Hafsteinn Pálsson**

Flutti kveðju forseta, framkvæmastjóra og starfsfólks ÍSÍ. Fór yfir tekjuöflun ÍSÍ og hvaða styrki er hægt að veita frá ÍSÍ til sérsambanda. Peningar sem voru til úthlutunar úr afrekssjóði voru meiri en þeir sem voru til úthlutunar í vengjulegu árferði. En í Covid náðist ekki að nýta alla fjármuni á þeim árum og þeir voru nýttir í fyrra. Peningar sem ÍSÍ hefur fengið frá ríkinu hafa ekki haldið verðgildi sínu. Áhersla frá ríkinu að úthlutun úr afrekssjóði sé horft á afreksstarfs á alheimsvísu og aðrir fái rekstrarstyrki.

Verið að setja upp svæðisskrifstofur út um land. Verið að reyna að ná til þeirra sem ekki eru í íþróttastarfi í dag og stækka grasrótina. Fá sem flesta með og efla starfið.

Ólympíuleikar framundan í sumar, 2024. Þar verður keppt í breakdansi í fyrsta skipti.

Sérsamböndum hefur fjölgað. Sem leiðir til þess að minni styrkir eru til sérsambanda.

Kveðja frá Aðalsteini Kjartanssyni

### **j. Tillögur mótanefndar um tímasetningar dansíþróttamóta DSÍ næsta keppnistímabil.**

Atli Már Sigurðsson varaformaður for yfir tillögur mótanefndar, sjá fylgiskjal 3.

Mótanefnd styður tillögu 1. Athugasemd varðandi 10 dansa mót á RIG – það er of mikið.

11. maí þá er komið í prófatíma hjá krökkum sem eru í framhalds- og háskólum.

13. apríl er of snemmt. Seinna í apríl.

Vísað til stjórnar til skoðunar og afgreiðslu. Samþykkt samhljóða

k. **Tillögur um breytingar á lögum teknar til afgreiðslu.** Fellur niður engar tillögur.

l. **Kosning stjórnar, varastjórnar og skoðunarmanna reikninga samkvæmt tillögum uppstillingarnefndar.**

**Kosning til formanns stjórnar:**

Helga Björg Gísladóttir. DÍK

Var ein í framboði til formanns og því sjálfkjörin.

**Kosning til stjórnar:**

Kara Arngrímsdóttir DR gefur kost á sér til 2 ára

Sigurður Hrannar Hjaltason Hvönn gefur kost á sér til 2 ára

Ólafur Már Hreinsson til 2 ára HK – er á seinna ári

Atli Már Sigurðsson til 2 ára DÍH – er á seinna ári

Kara og Sigurður voru einu í framboði og skoðast sjálfkjörin

**Kosning varamanna í stjórn.**

Árni Sigurgeirsson varamaður HK.

Þórunn Anna Ólafsdóttir varamaður DÍK.

Voru einu í framboði til varamanna og því sjálfkjörin.

**Kosning skoðunarmanna reikninga:**

Svava Halldóra Friðgeirsdóttir Hvönn

Heiðrún Svanhvít Níelsdóttir HK.

Voru einar í framboði skoðunarmanna og því sjálfkjörnar

m. **Kosning fulltrúa á Íþróttaping ÍSÍ.**

Vísað til stjórnar

n. **Önnur mál**

1. Jóhanna Jónasdóttir. Óskaði nýkjörinni stjórn til hamingju og óskaði velfarnaðar á starfsárinu.

Óskaði eftir að klæðareglur DSÍ yrðu endurskoðaðar og undirskriftalista með 121 undirskrift til stuðnings áskorunni. (fá ræðuna) Engin WDSF keppni síðan 2014.

Afhenti formanni undirskriftalista og gögnum þeim fylgjandi.

2. Ester Níelsdóttir. Skoraði á stjórn að skoða eftirfarandi:
  - a. Endurskoðun á kynningardönsum. Mælir með því að hafa kynningardansa. Kynningardansar hafa verið settir saman að margir hopar eru saman á gólfinu í einu. Því vantar betri sýn fyrir dómara að sjá dansarana
  - b. Rennsli. Heiti á hópum. Gestapraut að lesa í gegnum tímatöflu. Finna lausn á hvernig tímataflan er sett upp þ.e. heiti. Tillaga: Númera kerfi líkt og í USA s.s. Iceland Dance Festival. Eða að hafa bókstafi fyrir ákveðna flokka.

**Kara Arngrímsdóttir** svaraði f.h. stjórnar varðandi klæðareglur. Ekki sömu reglur í öllum löndum. Hafa reynt að hafa reglurnar hér á landi þannig að kjólarnir séu leyfðir í öllum keppnum.

**Þórarinn Ingi Ingason** ræddi um kostnað varðandi kjóla. Hvatti stjórn til að taka umræðuna varðandi tillögu Jóhönnu til umræðu.

**Ester Níelsdóttir** óskaði eftir því að endurskoðun væri gerð á klæðareglum.

**Erna Kristjánsdóttir** Vildi ræða um dómgæslu á mótum. Finnst sömu dómara vera á keppnum aftur og aftur. Óskaði eftir að dómara kæmu frá fleiri löndum frá fleiri löndum.

Að lokum Helga Björg Gísladóttir veitti eftirtöldum einstaklingum viðurkenningar voru fyrir góð störf

- Svava H. Friðgeirsdóttir ritari DSI
- Davíð Stefánsson formaður landsliðsnefndar
- Auður Haralds formaður mótanefndar

Þakkaði starfsmönnum þingsins, fulltrúum og gestum fyrir gott þing og komuna

o. Þingslit kl. 19.45